

***Europe Direct er þjónusta sem aðstoðar þig við að finna svörin  
við spurningum þínum um Evrópusambandið***

**Gjaldfrjálst númer (\*):  
00 800 6 7 8 9 10 11**

(\*) Veittar upplýsingar eru gjaldfrjálssar, svo eru flest símtöl (þrátt fyrir að sum símafyrirtæki, símaklefar eða hótél kunni að taka gjald fyrir).

Frekari upplýsingar um Evrópusambandið má finna á Netinu (<http://europa.eu>).

Lúxemborg: Miðstöð fyrir opinberar útgáfur Evrópusambandsins, 2015

ISBN: 978-92-9240-673-8

ISSN: 1977-2637

doi: 10.2802/086375

© Vinnuverndarstofnun Evrópu, 2015

Afritun er leyfð ef heimildar er getið.

## Dr. Eusebio Rial-González

Vinnuverndarstofnun Evrópu (EU-OSHA) missti ástsælan og virtan starfsmann árið 2014. Dr. Eusebio Rial González, yfirmaður forvarnar- og rannsóknardeildarinnar, lést úr krabbameini 18. desember aðeins 48 ára að aldri. Frá því að hann gekk til liðs við EU-OSHA árið 2003 var hann í fararbroddi við að bæta öryggi og heilbrigði á vinnustöðum í Evrópu og lék lykilhlutverk í mörgum af flaggskipsverkefnum stofnunarinnar: herferðinni 2014-15 - Vinnuvernd vinnur á streitu; fyrirtækjakönnun Evrópu um nýjar og aðsteðjandi áhættur (ESENER); gagnvirka áhættumatinu á Netinu (OiRA) og vefsíðunni OSHwiki. Hann var ekki aðeins mikilsvirtur samstarfsmaður heldur einnig kær vinur margra okkar og verður hans sárt saknað.



Árið, sem endaði svo sviþlega, hófst með ýmsu tilhlökkunar: ný áætlun EU-OSHA fyrir árin 2014-20 var samþykkt en hún inniheldur skýra sýn um hvernig sé best að efla vinnuvernd í erfiðu rekstrarumhverfi. Störf okkar fengu mikilsverða viðurkenningu og stuðning í janúar þegar Martin Schulz, forseti Evrópuþingsins, kom í opinbera heimsókn til Bilbao til þess að fræðast um störf stofnunarinnar. Hinn 31. mars vígði László Andor, framkvæmdastjóri Evrópusambandsins fyrir atvinnumál, félagsmál og aðlögun, okkar nýju húsakynni í Miribilla hverfinu í Bilbao. Á sama degi var aðseturssamningur undirritaður á milli EU-OSHA og Konungsríkisins Spánar, en það tryggir heimili okkar í Bilbao til framtíðar. Í júní var samþykkt stefna Evrópusambandsins um vinnuverndarmál 2014-2020 sem mikið hefur verið beðið eftir. Markmið stefnunnar eru mjög í samræmi við helstu starfssvið EU-OSHA.

## 1 Að gera ráð fyrir breytingum.

Árið 2014 gaf EU-OSHA út mikilsháttar umfjöllun um nýtt stórt framsýnisverkefni stofnunarinnar: [‘Núverandi og aðsteðjandi vinnuverndarvandamál í heilbrigðisgeiranum, þar á meðal heimilis- og samfélagsumönnun’](#). Hún undirstrikar vandamálin í greininni, þar á meðal vaxandi eftirspurn eftir heilbrigðisþjónustu og þörfinni á aukinni langvarandi umönnun, skortinn á fagfólki með reynslu og aukna tækninotkun sem krefst nýrrar þekkingar.

Mikilvæg skýrsla var gefin út þar sem horft er til næsta framsýnisverkefni: niðurstöður umfangsrannsóknar um aðsteðjandi þróun í vinnuverndarmálum ([‘Umfangsrannsókn til að öðlast sýn á nýjar og aðsteðjandi áhættur og vandamál í vinnuvernd’](#)). Í ljós komu þrjú þættir sem eiga möguleika á því að verða viðfangsefni næstu framsýnisrannsóknar: Áhrif upplýsinga- og samskiptatækninnar á vinnuverndarmál; þróun í mannauðsstjórnun; og áhrif fjármálakreppunnar á vinnuverndarmál.

Ef forgangsmál í rannsóknum eru greind og ákvörðuð býður það upp á betri samræmingu rannsókna og skilvirkari notkun niðurstöðum. Í því samhengi tók EU-OSHA, helstu forgangsatíðin varðandi langtíma verkefni sitt um forgangsatíði í vinnuverndarrannsóknum saman, sem finna má í [skýrslunni 2013](#) og undirbjó skýrslur um viðkomandi efni, til að mynda forvarnir við hönnun, með það að markmiði að efla stöðu vinnuverndar í rannsóknar-samfélaginu.



## 2 Staðreyndir og tölur

Vettvangsvinnu lauk á réttum tíma fyrir aðra útgáfu af ESENER, ESENER-2, árið 2014. Um 50.000 viðtöl voru tekin í 36 löndum en það er mikil aukning á úrtaksstærð frá fyrstu útgáfu rannsóknarinnar. Skýrsla um niðurstöðurnar mun koma árið 2015. Í janúar 2014 voru birtar tillögur, sem dregnar voru af [mati eftirá á ESENER-1](#) og var hliðsjón höfð af þeim í ESENER-2.



Bráðabirgðaniðurstöður tilraunaverkefnis Evrópuþingsins „Öruggari og heilbrigðari vinna á öllum aldri - vinnuvernd í ljósi eldra vinnuafls“ voru kynntar á ráðstefnu í Evrópuþinginu í desember 2013 og var [fundargerðin](#) birt á vefsíðu EU-OSHA í janúar 2014. Frekari greining verður gerð á niðurstöðunum árið 2015 og lokaráðstefna haldin í september. Mikilvægi efnisins er slíkt að það verður notað sem þema herferðarinnar Vinnuvernd er allra hagur 2016-17 – *Vinnuvernd alla ævi*.

Undirbúningsvinnu verkefnisins “Úrbætur á vinnuvernd í ör- og smáfyrirtækjum í Evrópu” lauk árið 2014. Markmiðið er að greina aðstæður sem valda þannig vinnuumhverfi að efla þurfi stjórnunarpáttinn til bæta vinnuverndina. Ítarleg umfjöllun verður birt árið 2015.

Í janúar hélt EU-OSHA málstofu í París um efni sem hafa eituráhrif á æxlun, í samstarfi við ANSES, frönsku stofnunina fyrir matvæli, umhverfi og vinnuvernd. Gefin var út aðferðafræðiskýrsla um vinnutengt krabbamein, ‘[Útsetning á krabbameinsvöldum og vinnutengt krabbamein: endurskoðun á matsaðferðum](#)’, í lok ársins. Önnur málsstofa var haldin í Brussel í október, í þetta sinn til þess að hleypa af stökkunum stórrí rannsókn á vinnuverndarbyrði sjúkdóma. Eitt af umræðuefnum sneri að bráðakerfum. Þau greina sjúkdóma, sem ekki eru skráðir sem atvinnusjúkdómar eins og er, en gætu síðar reynst vinnutengdir. Snemmbúin greining eykur vitund starfsmanna og leiðir til þess að launþegar, sem þjást af slíkum sjúkdómum, eru líklegri til þess að fá bætur.

Tvær skýrslur voru gefnar út árið 2014 um vinnu stofnunarinnar við kostnað og ávinning af vinnuvernd: í maí kom út ‘[Mat á kostnaði af slysum og vanheilsu á vinnustöðum: umfjöllun um aðferðafræði](#)’, en í kjölfar útkomu skýrslunnar fór fram fundur sérfræðinga í júní en þeir ræddu niðurstöðurnar. Í september kom skýrslan, ‘[Rekstrarlegur ávinningur vinnuverndar: greining á kostnaði og ávinningi íhlutana í smáum og meðalstórum fyrirtækjum](#)’ en í henni komu fram sannfærandi rök fyrir góðri stjórnun á vinnuverndarmálum en henni var svo fylgt eftir með ráðstefnu síðar í mánuðinum, ‘[Fjárfesting í vinnuvernd: ávinningurinn er meiri en kostnaðurinn](#)’.

### 3 Verkfæri fyrir stjórnun á vinnuvernd

Árið 2014 tók OiRA mikilli framþróun: 47 ný verkfæri voru gefin út en það var töluvert umfram markmiðið sem var 35 en þess utan eru 30 í viðbót í þróun. Fjórtán málstofur voru haldnar til þess að kynna smáum og meðalstórum fyrirtækjum OiRA og sérstök verkfæri innan þess. Í desember var haldin ráðstefna á vegum ítölsku formennskunnar í ráðherraráði Evrópusambandsins (Hvernig á að samræma vöxt og samkeppnishæfni fyrirtækja á krepputímum og efla á sama tíma vinnuvernd) þar sem sérstök vinnusmiðja um OiRA fór fram. Verkefnið fékk frekari viðurkenningu, því það var sérstaklega tilgreint í nýja stefnuramma Evrópusambandsins um vinnuvernd og sagt að það hefði lagt mikið af mörkum við að hjálpa smáum og meðalstórum fyrirtækjum við að uppfylla vinnuverndarkröfur um gerð áhættumats.

## 4 Aukum vitund

Herferðinni Vinnuvernd er allra hagar 2014-15, Vinnuvernd vinnur á streitu, var hleypt af stokkunum 7. apríl hjá framkvæmdastjórn Evrópusambandsins í Brussel. Vefsíða herferðarinnar, með upplýsingum á 25 tungumálum, fór í loftið sama dag. Daginn eftir var haldinn fundur með samstarfsaðilum herferðarinnar og tilboðið um herferðarsamstarf kynnt. Yfir 100 samstarfsaðilar herferðarinnar og yfir 30 samstarfsmenn í fjölmiðlum gengu til liðs við okkur til þess að hjálpa til við að auglýsa herferðina.

EU-OSHA myndaði stýrihóp, sem kom í ljós að þörf var fyrir eftir herferðina 2012-13, og voru þrír aðrir viðburðir haldnir af Heineken, LEGO og Toyota árið 2014. Þrír viðburðir til viðbótar, sem haldnir eru af fyrirtækjum, eru ráðgerðir árið 2015.

Evrópuverðlaunin fyrir góða starfshætti eru hápunktur allra herferðanna Vinnuvernd er allra hagar. Í fyrsta skipti voru núverandi verðlaun í boði fyrir opinbera samstarfsaðila herferðarinnar. Sigurvegararnir voru valdir úr 50 tilnefningum, sem teknar höfðu verið til frekari skoðunar á fundi dómnefndar í janúar 2015, en verðlaunaathöfnin fer fram í apríl 2015.

Evrópska vinnuverndarvikan fór fram dagana 20. til 24. október og voru hundruð viðburða haldnir, þar sem sjónum var beint að stjórnun vinnutengdrar streitu. Spænska landsskrifstofan ein og sér stóð að yfir 50 verkefnum - allt frá þjálfunarnámskeiðum og málstofum yfir í kvikmyndasýningar og fjölmiðlaviðburði.

EU-OSHA aðstoðar skrifstofurnar sínar s.k. Focal Point, í hinum ýmsu löndum með því að bjóða upp á mikið efni fyrir herferðina: 88.720 hlutum, merktum herferðinni, 476.125 útgefnum ritum á 25 tungumálum, 62 herferðarbásnum og 15 sýningarsettum var dreift árið 2014.

Auk opinberrar leiðbeiningar í formi bókar herferðarinnar, bæklinga og flugrita, var helsta efnið, sem gefið var út fyrir herferðina 2014-15 kvikmyndin [Napo - Þegar streitan lætur á sér kræla](#);

'[e-leiðarvísirinn Stjórnun á streitu og sálfélagslegum áhættum](#)'; fullkomna umfjöllunin 'Útreikningur á kostnaði af völdum vinnutengdrar streitu og sálfélagslegrar áhættu'; og skýrslan, sem gefin var út sameiginlega með Eurofound, '[Sálfélagslegar áhættur í Evrópu: tíðni og forvarnarleiðir](#)'.



Paul Lacoste, sigurvegari kvikmyndaverðlauna Heilbrigðra vinnustaða 2014 á alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Leipzig fyrir heimildar- og teiknimyndir (DOK Leipzig)



Christa Sedlatschek, framkvæmdastjóri EU-OSHA; László Andor, framkvæmdastjóri félags-, atvinnumála og aðlögunar; Vasilis Kegeroglou, aðstoðarráðherra í vinnumála-, almannatrygginga- og velferðarráðuneytinu, fulltrúi gríska forsætislandsins í Evrópusambandinu, á fréttamannafundinum við upphaf herferðarinnar Vinnuvernd er allra hagar í apríl í Brussel 2014.

Vinna hefur þegar hafist við herferðina Vinnuvernd er allra hagar 2016-17, *Heilbrigðir vinnustaðir fyrir alla aldurshópa*, en hún snýst um að efla sjálfbæra vinnu og heilbrigða öldrun. Búið er að sammælast um umfang og markmið herferðarinnar og hefur EU-OSHA óskað eftir því að gerður verði e-leiðarvísir á Netinu til þess að styðja fyrirtæki við að stjórna þeim vinnuverndarmálum sem lúta að öldrun vinnuafsins.

Sjötta árið í röð fjármagnaði EU-OSHA kvikmynda-verðlaun Heilbrigðra vinnustaða á kvikmyndahátíðinni DOK Leipzig fyrir heimildarmyndir í nóvember. Verðlaunin hlaut *Harvest* eftir Paul Lacoste en þar er fylgst með hópi árstíðabundinna verkamanna sem tína vínber í Suður-Frakklandi. Kvikmyndin var valin vegna þess að hún beinir sjónum að ótryggum og sibreytilegum vinnuhögum og tengist auk þess vinnutengdri streitu – sem er efni herferðarinnar 2014-

15. Stofnunin lét líka texta síðasta sigurvegara – *C(us)todians* eftir Aly Muritiba, sem fjallar um vinnu í brasilísku fangelsi – á 13 tungumál og dreifði henni til landsskrifstofanna.

Í kjölfar árangursríks tilraunaverkefnis árið 2013, var verkefið Napó fyrir kennara framlengt árið 2014. Þessar upplýsingar á Netinu, sem beint er að grunnskólabörnum, eru leiðbeiningar fyrir kennara til þess að aðstoða þá við að kynna vinnuvernd fyrir ungum börnum. Óskað var eftir mati á verkefninu árið 2014 og verða niðurstöðurnar birtar árið 2015.

Einn af hápunktum ársins 2014 var þátttaka EU-OSHA á XX. heimspingi vinnuverndar í Frankfurt, 24.- 27. ágúst. Básinn sýndi OSHwiki, OIRA og herferðina Vinnuvernd er allra hagar 2014-15. Starfsfólk tók þátt í sjö fundum, þar á meðal málþingi um sálfélagslegar áhættur, sem stofnunin hélt.



XX. heimsping vinnuverndar árið 2014 í Frankfurt

## 5 Samstarf um þekkingu

Hleypt var af stokkunum á XX. heimspingi vinnuverndar í Frankfurt, [OSHwiki](#) sem er fyrsti vettvangurinn á Netinu þar sem notendur geta safnað saman og miðlað þekkingu um vinnuvernd í sameiningu, en þar hefur vinnuverndarsamfélagið öðlast nýja leið til þess að eiga í samskiptum á veraldarvefnum. Aðeins viðurkenndir höfundar hafa rétt til þess að skrifa greinar en það er gert til þess að viðhalda áreiðanleika og samræmi síðunnar. OSHwiki er hönnuð til þess að bjóða upp á áreiðanlegar upplýsingar um öll helstu efnisatriðin á sviði vinnuverndar en nýjar greinar birtast stöðugt á OSHwiki. Mikill áhugi og fjölmiðlaumfjöllun var um opnunina og fengu yfir 100 nýir höfundar heimild til að skrifa á síðuna árið 2014.

## 6 Samstarf og samskipti



Í fyrsta skipti árið 2014 hlaut herferðin Vinnuvernd er allra hagar stuðning og not af upplýsingum á samfélagsmiðlunum, þar á meðal var efni þróað sérstaklega fyrir samfélagsmiðlana, gagrafík til upplýsingar og myndbönd. Fyrstu tölur voru mjög uppörvandi því fyrstu fjóra mánuðina eftir að herferðinni var hleypt af stokkunum var gestafjöldi á vefsíðu herferðarinnar þrisvar sinnum meiri en á sama tímabili í fyrri herferð.

Við lok ársins var YouTube reikningur EU-OSHA með vel yfir 1.000 áskrifendur, Facebook síðan með yfir 17.000 líkar við, Twitter reikningurinn var með 11.500

fylgjendur auk þess sem stofnunin var með 5.290 fylgjendur á LinkedIn - en þetta var mikil aukning frá fyrri herferð.

Frumgerð að nýrri vefsíðu stofnunarinnar var sýnd á XX. heimspingi um vinnuvernd í Frankfurt í ágúst, en ráðgert er að hún fari í loftið árið 2015. Fram að því voru 46 vefauglýsingar birtar á árinu 2014 til þess að kynna útgefið efni, starfsemi og viðburði auk þess sem 11 blogg voru birt um það sem var efst á baugi.

Hvað alþjóðlegt samstarf varðar, þá lauk fjármögnuninni fyrir verkefni EU-OSHA um að styðja við þau lönd, sem féllu undir IPA aðstoðina 30. nóvember 2014. Stuðningurinn fólst í upplýsingagjöf, þýðingum á efni og fjárhagslegri aðstoð skrifstofunnar úti í löndunum, til þess að sækja málstofur og fundi. Stofnunin veitir einnig stuðning með því að vekja athygli á landsskrifstofunum, til dæmis með því að útvega ræðumenn frá EU-OSHA á vinnuverndarráðstefnur í IPA löndunum. Óskað hefur verið eftir frekari fjármögnun svo að halda megi verkefninu áfram árið 2015 og lengur.

Í febrúar 2014 byrjaði EU-OSHA með nýtt verkefni, sem fjármagnað er af svo kallaðri nágrannastefnu Evrópusambandsins (ENP), en það býður 16 samstarfslöndum sunnan og austan við Evrópusambandið til þess að mynda tengsl og góðan stuðning við Evrópulöndin. Hluti af því er að samstarfslöndin geta tekið þátt í starfi stofnana eins og EU-OSHA. Stofnunin hefur komið á samböndum í nágrenni Evrópusambandsins, heimsóknir hafa farið fram til fjölda landa og verið er að þýða mikilvægt efni yfir á tungumál samstarfslandanna. Árið 2015 verða málstofur og vinnusmiðjur fyrir fulltrúa ENP landa haldnar í Bilbao.

## HVERNIG Á AÐ NÁLGAST RIT EVRÓPUSAMBANDSINS

### Gjaldfrjáls rit:

- eitt eintak:  
í gegnum bókabúð ESB (<http://bookshop.europa.eu>);
- fleiri en eitt eintak eða veggspjöld/kort:  
frá sendiskrifstofum Evrópusambandsins (([http://ec.europa.eu/represent\\_en.htm](http://ec.europa.eu/represent_en.htm));  
frá sendinefndum í löndum utan Evrópusambandsins  
([http://eeas.europa.eu/delegations/index\\_en.htm](http://eeas.europa.eu/delegations/index_en.htm)); með því að hafa samband við  
þjónustuna Europe Direct ([http://europa.eu/europedirect/index\\_en.htm](http://europa.eu/europedirect/index_en.htm)) eða með því að  
hringja í 00 800 6 7 8 9 10 11 (gjaldfrjálst símanúmer alls staðar í  
Evrópusambandinu) (\*).

(\*) Veittar upplýsingar eru gjaldfrjálsar, svo og flest símtöl (sum símafyrirtæki, símaklefar eða hótél kunna að taka gjald fyrir).

### Verðlögð rit:

- í gegnum bókabúð Evrópusambandsins ();



**Vinnuverndarstofnun Evrópu (EU-OSHA)**

leggur sitt af mörkunum við að gera Evrópu að öruggari, heilbrigðari og afkastameiri stað til að vinna á. Stofnunin rannsakar, þróar og dreifir áreiðanlegum, réttum og óhlutdrægum upplýsingum um öryggis- og heilbrigðismál og skipuleggur vitundarherferðir um alla Evrópu. Stofnunin, sem var sett á fót af Evrópusambandinu árið 1994 og er með höfuðstöðvar í Bilbaó á Spáni, stuðlar að samvinnu fulltrúa framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, fulltrúa frá stjórnsýslustofnunum aðildarríkjanna, frá samtökum atvinnurekenda og launþega ásamt leiðandi sérfræðinga frá hverju og einu aðildarríki ESB og annars staðar frá.

**Evrópska vinnuverndarstofnunin - EU-OSHA**

12 Santiago de Compostela,  
E-48009 Bilbao - Spáni  
Sími +34 944358400  
Fax +34 944358401  
Tölvupóstfang: [information@osha.europa.eu](mailto:information@osha.europa.eu)

<http://osha.europa.eu>